

íþýttun

U P P B Y G G I N G A R S J Ó ð S

N O R ð U R L A N D S V E S T R A

2022



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með samkeppnissjóði er átt við að samkeppni milli verkefna ræður úthlutun, þ.e. bestu verkefnin að mati fagráðs hljóta brautargengi, að undangengnu formföstu ferli þar sem umsóknum eru gefnar einkunnir og stig eftir útgefnu matsblaði. Til að koma til greina þurfa umsækjendur að hafa lögheimili á Norðurlandi vestra og verkþættir sem hægt er að sækja um styrk fyrir verða að koma til á árinu 2022.




Á undanförunum árum hefur umsækjendum í Uppbyggingarsjóð fjölgað og verkefni eflst. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu sem fylgir slíkum verkefnum og styrkir trú okkar á gildi þess að halda úti öflugum sjóðum sem frumkvöðlar og skapandi fólk getur sótt í, samfélaginu öllu til heilla.

Atvinnuráðgjafar SSNV á sviðum fyrirtækja, ferðamála, nýsköpunar og menningar eru með viðveru á skrifstofum samtakanna á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Þau veita aðstoð við umsækjendur og styrkhafa Uppbyggingarsjóðs, halda vinnustofur og námskeið og leiðbeina eftir bestu getu.

Við hvetjum íbúa svæðisins til að kynna sér þau verkefni sem hafa hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði, sækja viðburði eins og hægt er, fylgjast með atvinnu- og menningarlífi og að sjálfsögðu að hafa samband við ráðgjafa SSNV varðandi þau verkefni sem þeir eru sjálfir með í burðarliðnum.

*F.h. starfsfólks SSNV,
Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri*



Árþing SSNV kýs úthlutunarnefnd og tvö fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Hlutverk fagráðanna er að leggja faglegt mat á umsóknir og gera tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndar.

Fagráð menningar

- Ragnildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, formaður
- Steinunn Rósa Guðmundsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóel Þór Árnason, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra
- Lee Ann Maginnis, Blönduósbæ

Starfsmaður Fagráðs menningar er Ástrós Elísdóttir, starfsmaður SSNV.


Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

- Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
- Erla Gunnarsdóttir, Húnavatnshreppi
- Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Gunnar Tryggvi Halldórsson, Blönduósbæ
- Rakel Runólfsdóttir, Húnaþingi vestra

Starfsmaður Fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmaður SSNV.

Úthlutunarnefnd

- Lárus Ægir Guðmundsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd, formaður
- Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
- Ragnildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, formaður Fagráðs menningar.



Ágætu styrkhafar og aðrir íbúar
Norðurlands vestra.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra hefur lokið úthlutun þeirra fjármuna sem hann hafði til ráðstöfunar fyrir árið 2022. Til verkefna þessa árs hafa hafa því verið lagðir allnokkrir fjármunir til ýmiss konar starfa og viðfangsefna í Húnavatnssýslum og Skagafirði.

Alls bárust 115 umsóknir um styrki að upphæð 198 milljónir króna en til úthlutunar voru um 77 milljónir. Eftir skoðun og yfirferð faghóps menningar annarsvegar og nýsköpunar hins vegar hlutu 78 umsóknir styrki.

Þessi úthlutun er sú áttunda í röðinni síðan sóknaráætlun Norðurlands vestra var sett af stað árið 2015. Öll þessi ár hefur styrkupphæðin verið nánast sú sama en kostnaður við hin ýmsu verkefni hækkað mikið þannig að raungildi styrkjanna hefur lækkað töluvert. Það er samt svo að þeir munu nú sem fyrr koma að góðu gagni og stuðla að framgangi mála í þessum héruðum en upphæðir þurfa að hækka.

Viðfangsefnin sem unnið verður að á þessu ári munu án efa verða áhugaverð innlegg í þá veru að íbúarnir og byggðirnar verði auðugri að menningarlífi og jafnframt er lagður allnokkur grunnur til eflingar nýsköpunar og atvinnulífi. Þess er að vænta að einhverjir nýju sprotanna nái öflugri rótarfestingu sem geri þeim kleyft að mynda sterkan stofn og ef til vill í framhaldinu að breiða allnokkuð úr sér.

*Lárus Ægir Guðmundsson,
formaður úthlutunarnefndar*

TÖLFRÆÐI

Sótt var um stofn- og rekstrarstyrki til stofnana á sviði menningar og verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og á sviði menningar, samtals að upphæð

198.463.156 kr.



Alls bárust 115 umsóknir fyrir árið.

Umsóknir um **stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar** voru **14**.

Sótt var um **40.033.880 kr.**, fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 209.927.750 kr.

Meðaltal þess hlutfalls sem sótt var um, var 19%.

Umsóknir um **verkefnastyrki á sviði menningar** voru **57**.

Sótt var um **66.604.261 kr.**, fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 193.018.061 kr.

Meðaltal þess hlutfalls sem sótt var um, var 35%.

Sé þetta tekið saman var í heildina sótt um **71 verkefni á sviði menningar**.

Heildarupphæð umsókna var **106.638.141 kr.**, fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 402.945.811 kr.

Heildar meðaltal þess hlutfalls sem sótt var um til menningarverkefna var 26%.

Umsóknir um **verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar** voru **44**.

Sótt var um 91.825.015 kr., fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 208.874.369 kr.

Meðaltal þess hlutfalls sem sótt var um, var 44%.


Alls var sótt um
198.463.156 kr.,
fyrir **115** verkefni
sem voru að
heildarkostnaði
metin á
611.820.180 kr.

Meðaltal þess
hlutfalls sem sótt
var um, var **32%**.

TÖLFRÆÐI

Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2022 voru samtals

77.025.611 kr.



Alls voru 78 verkefni styrkt, sem er 68% árangurshlutfall, eða 78 af 115 umsóknum.

12 umsóknir um **stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar** hlutu brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 86%, eða 12 af 14 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 50%.

42 umsóknir um **verkefnastyрки á sviði menningar** hlutu brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 74%, eða 42 af 57 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 52%.

Í heildina hlutu **54 verkefni á sviði menningar** brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda menningarmegin var 76%, eða 54 af 71 umsókn. Heildarmedaltal þess hlutfalls sem styrkhafar menningarmegin hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 52%.

24 umsóknir um **verkefnastyрки á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar** hlutu brautargengi. Árangurshlutfall umsækjenda í þennan flokk var 55%, eða 24 af 44 umsóknum. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 93%.

STYRKHAFAR

atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Umsóknum í flokk verkefnastyrkja á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hefur farið fjölgandi á síðustu árum og hefur heimsfaraldur ekki náð að fella hina gróskumiklu vaxtarsprotu sem stinga sér upp um allan landshlutann. Fagraðið metur allar umsóknir til einkunna og stiga, byggt á mati á því hvort verkefnið sé m.a. talið líklegt til atvinnusköpunar, fjölgunar starfa, að auka fagmennsku og fjölbreytni í störfum, auk mats á gæðum og raunsæi umsóknar út frá markmiðum og fjárhagsáætlun, og leggur til styrkupp hæð út frá samkeppnishæfi umsóknarinnar.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Margrét Eva

Lífrænar hampafurðir, vöruþróun

2.653.000 kr.

Ásgeirsdóttir

Verkefnið snýst um að þróa hágæða vörur úr lífrænt vottuðum idnadarhampi, þar sem CBD innihald lokaafurðarinnar mun liggja ljóst fyrir og upplýsingar um það aðgengilegar á umbúðum. Fyrst og fremst verður lögð áhersla á lítið unnar matvörur, svo sem teblöndur með heilum hampblómum, muldum hampblómum og blöndu hampblóma og hampfræja.

Elínborg Erla

Breiðargerði - markaðssetning

930.000 kr.

Ásgeirsdóttir

Verkefnið snýst um að markaðssetja og kynna afurðir Gardyrkjústöðvarinnar í Breiðargerði með því að setja upp heimasíðu með netverslun, bæði á íslensku og ensku. Heimasíðan verður samtengd helstu samfélagsmiðlum svo handhægt sé að setja inn reglulegar færslur og myndir og gera neytendum þannig kleift að fylgjast með ræktuninni alveg frá sáningu að uppskeru.

Ragnheiður S.

Handverksferðir í Húnaþing vestra

1.400.000 kr.

Jóhannsdóttir

Markmiðið með verkefninu er að markaðssetja handverksferðir ásamt handverksnámskeiðum og skapa starf í Húnaþingi vestra. Handverksferðirnar hafa svo afleidd áhrif á aðra þjónustuveitendur á svæðinu, í gistingu, veitingum og vörum.

Félag ferða-
þjónustunnar í
Skagafirði

Réttir Food Festival
markaðsáttak og áætlun

2.002.500 kr.

Verkefnið felur í sér ráðgjöf í sölu- og markaðsmálum, gerð markaðsáætlunar og markaðsáttaks fyrir matarhátíðina *Réttir Food Festival 2022*. Markmiðið er að gera markaðsáætlun til að beina kröftum í rétta átt og hámarka nýtingu á fjármagni til markaðsetningar.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

Elínborg Erla
Ásgeirsdóttir

Tilbúnir grænmetisréttir

2.287.000 kr.

Vöruþróun og fullvinnsla á grænmeti. Þróaðar verða nýstárlegar vörur sem ekki eru fyrir á markaði, með sérstakri áherslu á nýtingu hliðarafurða og hráefnis sem ekki telst fyrsta flokks og því líklegt til að fara annars til spillis. Verkefnið studlar þannig bæði að nýsköpun og virðisaukningu hráefnis og minnkar matarsóun.

Róbert Óttarsson

Ofurbrauð

1.372.500 kr.

Markmið verkefnisins er að þróa og framleiða brauð úr þörungum sem ræktaðir eru við strendur Íslands. Lykilatriði er að framleiðslan sé öll 100% umhverfisvæn og á það einnig við um framleiðsluna á þörungunum sem notaðir verða.

Sýndarveruleiki ehf.

Sturlunga í okkar höndum

3.000.000 kr.

Verkefnið *Sturlunga í okkar höndum* er framsækið nýsköpunar- og tækniverkefni á sviði menningar- og sögutengdrar ferðapjónustu. Markmið þess er að hanna, þróa og forrita gagnvirka viðbótarveruleikaupplifun í þrívíðri myndvörpun til að miðla sögu Sturlungaaldarinnar. Myndefni er varpað niður úr loftinu í lófa gesta sýningarinnar sem beinlínis hafa framvindu sögunnar í sínum höndum.

Skala 20 ehf.

Escape room á
Norðurlandi vestra

1.900.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka afþreyingarmöguleika á svæðinu með skapandi leik þar sem hugsun og hópefli vinnur saman í að leysa þrautir í *Escape room* (þrautaherbergi). Með því að setja upp slíkt þrautaherbergi má efla bæði ferðapjónustu á svæðinu auk þess sem slík afþreying á svæðinu bætir búsetuímynd.

Nordpro

Endurbættir framleiðsluferlar
fyrir Collagenvörur

3.860.000 kr.

Verkefnið felur í sér að fara yfir framleiðslulínu fyrir collagen og endurbæta ferla. Lögð verður áhersla á að nýta umhverfisvænar vörur í verkferlum og eins að úrgangur frá kerfinu verði endurnýttur. Markmiðið er að fara yfir alla hluta verksins og endurbæta aðferðafræði með umhverfisvænum efnum og betri stýringu á affalli sem kemur úr verkferlunum.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
Ísponica ehf.	Ísponica	369.045 kr.
Verkefnið felur í sér að gera upp gamalt fjós á Hólum til þess að rækta grænmeti fyrir nærsamfélagið. Þar verður lóðrétt landbúnaðaruppsetning með notkun vatnsræktar (e. aquaponics) til að hámarka núverandi byggingarrými. Þessi innibúskapur gerir því kleift að rækta grænmeti allt árið um kring óháð árstíð.		
Stefanía Hjördís Leifsdóttir	Matarupplifun við ysta haf	1.640.000 kr.
Á Brúnastöðum eru framleiddir handverksostar úr geita- og sauðamjólk, eina býlið á landinu sem gerir slíkt. Þar er einnig rekin ferðapjónusta, bæði gisting og húsdýragarður. Markmiðið er að samþætta þessa starfsemi með því að bjóða gestum upp á að fræðast um ostagerðina í formi heimsóknar og námskeiða. Bóðið verði upp á matarupplifanir í anda hæglætisferðamennsku þar sem áhersla verði lögð á upplifun fólks og menningu svæðisins, afurðir upprunalegra dýrastofna nyrst á Íslandi.		
Vilko ehf.	Prima til Norðurlanda	985.000 kr.
Markmið verkefnis er að kanna möguleika til útflutnings á Prima kryddum til Norðurlanda. Þar er tengslanet mikilvægur hlekkur sem stefnan er að vinna með aðstoð Íslandsstofu. Einnig er mikilvægt að kortleggja viðhorf matvælamarkaða á Norðurlöndum til íslenskrar framleiðslu.		
Ferðamálasamtök Norðurlands vestra	Sjálfbær ferðapjónusta á Norðurlandi	1.170.000 kr.
Verkefnið felur í sér kortlagningu á núverandi stöðu sjálfbærrar ferðapjónustu á Norðurlandi vestra, skapa framtíðarsýn og greiningar á því hvar eru glufur til nýsköpunar og verkefni sem miða að uppbyggingu áfangastadarins.		
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.	Valuable enzymes and carotenoids from <i>Thraustochytrids</i>	1.705.298 kr.
Verkefnið mun skima efnilegustu einangrunina fyrir hugsanlegum verðmætum ensímum og karótenóíðum, sem gætu verið framleidd ásamt omega-3 olíu frá <i>thraustochytrids</i>. Verkefnið mun samanstanda af tveimur hlutum: Skimun fyrir ýmsum áhugaverðum ensímum og greiningu á hugsanlegri karótenóíðsöfnun í einangrunum. Að lokum mun þetta verkefni ákvarða hvort það séu einhver hágild ensím eða karótenóíð sem hægt er að framleiða með <i>thraustochytrids</i>. Þetta hefur möguleika á að auka verulega verðmætasköpun frá <i>thraustochytrid</i> – undirstöðu omega-3 olíuframleiðslu – og auka samkeppnishæfni.		

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
Inga Dóra Þórarinsdóttir	Vöruþróun við fullnýtingu afurða - ærkjöt	1.706.000 kr.
Verkefnið snýst um að fullnýta afurðir sem eru vannýttar á Íslandi í dag, svo sem kjöt af fullorðnum ám, á sama tíma og við stuðlum að nýsköpun í íslenskri matarmenningu með því að nýta tækni og uppskriftir frá Argentínu og Suður-Ameríku. Markmiðið er að bóndinn fái meira greitt fyrir afurð sína en hjá núverandi sláturleyfishöfum og einnig að horfa til fyrri tíma þar sem nýtni við vinnslu matvara var í hávegum höfð.		
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.	Biorefinery of red algae for multiple high-value products	3.765.000 kr.
Í verkefninu er ætlunin að nýta rauðþörungategundirnar <i>porphyra umbilicalis</i> og <i>corallina officinalis</i> úr innanhússafni af ræktun tegunda frá norðanverðu Íslandi og beita mismunandi útdráttaraðferðum til að ná að minnsta kosti fjórum framleiðsluþáttum. Allir framleiðsluþættir verða greindir með tilliti til innihaldsefna og samsetningar sem og lífvirkni. Í kjölfarið munu valdir þættir verða notaðir sem ný innihaldsefni og íblöndunarefni í húðvörur á föstu formi sem þróaðar voru árið 2021 og framleiddar eru af BioPol ehf.		
Friðrik Már Sigurðsson	Framhugsun ehf. - markaðssókn	490.000 kr.
Markmið verkefnisins er að markaðssetja og kynna þjónustuframboð fyrirtækisins. Framhugsun ehf. starfar að verkefnum sem snúa að stefnumótun, nýsköpun, verkefnastjórnun og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, félög og samtök. Veittur er styrkur til markaðssetningar.		
Skotta ehf.	Sjö sjónvarpsþættir	2.060.000 kr.
Markmiðið er að nýta reynslu, þekkingu og viðskiptasambönd Skottu ehf. til atvinnuuppbyggingar á sviði sjónvarpsþáttagerðar á Norðurlandi þar sem meðal annars er byggt á sérstöðu og menningu svæðisins. Skotta er eina fyrirtækið á sínu sviði á landssvæðinu og mikilvæg tækifæri felast í að byggja upp nýsköpun og aukna fjölbreytni starfa á þeirri fagþekkingu sem þar er til staðar. Verkefnið er hluti af langtímaáætlun um nýjar og aðlaðandi áherslur í menningar- og atvinnulífi á Norðurlandi vestra.		
Handbendi Brúðuleikhús ehf.	Prófsteinn	1.630.875 kr.
Verkefnið snýst um að búa til stuttmynd í kynningarskyni, (e. <i>proof of concept</i>) til notkunar sem kynningarefni fyrst og fremst, en einnig sem hugsanlega söluvöru. Endanlegt markmið er að stofna kvikmyndaver á Hvammstanga sem sérhæfir sig í kvikun.		

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**Bjórsetur Íslands -
brugghús slf.**

**Götubíti & málstofa á
Bjórhatíð á Hólum**

582.200 kr.

Markmið verkefnisins er að bjóða gestum og gangandi götubita á Hólum í Hjaltadal og bjóða upp á málstofu í samstarfi við *Bjórhatíðina á Hólum*. Það hefur skapast hefð fyrir götubita á hátíðinni sem hefur aukist ár frá ári og hefur verið í boði fyrir alla, hvort sem þeir eru gestir bjórhatíðarinnar eða vilja heimsækja Hóla heim. Málstofa er spennandi viðbót á 10 ára afmæli hátíðarinnar.

Framtíðir slf.

**Framtíðarsögur ungmenna af
sjálfum sér! Væntingar og vonir**

1.018.000 kr.

Verkefninu er ætlað að fá fram viðhorf og væntingar ungs fólks í síðasta bekk grunnskóla og á síðasta ári í framhaldsskóla á Norðurlandi vestra, til framtíðaráforma þeirra hvað varðar búsetu í heimabyggð. Fyrir liggur að á næstu árum þarf að taka afdrifaríkar ákvarðanir um samfélagsverkefni sem tengjast tækni- og félagslegum atriðum í nærsamfélögum til að efla vaxtarskilyrði þeirra og sjálfbærni. Nauðsynlegt er að skapa virðingu fyrir nýjum viðhorfum nýrra kynslóða.

Kavita

Frostþurrkari fyrir fæðubótaþrefni

2.750.000 kr.

Verkefnið felur í sér vinnu með íslenskar heilsujurtir. Könnuð verður hagkvæmni þess að setja upp frostþurrkara í húsnæði *FoodSmart* á Blönduósi. Verkefnið snýst um rannsókn á þörf á markaði, hvaða hráefni séu í boði og hver kostnaður sé.

**Helgi Sæmundur
Guðmundsson**

Frumkvöðla-margmiðlunarver

550.000 kr.

Markmið verkefnisins er að styrkja stöðir stuðningsumhverfis nýsköpunar á Norðurlandi vestra og auka samkeppnishæfni sprotafyrirtækja með faglegu kynningarefni. Haldnar verða opnar vinnustofur þar sem frumkvöðlum gefst tækifæri á að búa til kynningarefni.

**Skíðadeild UMF
Tindastóls**

**Göngu- og hjólaleiðir á skíðasvæði
Tindastóls**

449.193 kr.

Markmið verkefnisins er að bæta enn útivistarsvæðið með því að gera stíga betri og öruggari, auðvelda aðgengi, stækka svæðið og koma í veg fyrir árekstra ólíkra hópa útivistarunnenda. Verkið innifelur stikun og jarðvegsvinnu hjóla- og gönguleiða um skíðasvæði Tindastóls, um er að ræða þekktar en villugjarnar gönguleiðir þar sem nauðsynlegt er að bæta öryggi og aðgengi og gera þær auðveldari yfirferðar. Stefnt er að því að gera hjólabraut á skíðasvæði Tindastóls sumarið 2022. Veittur er styrkur í kynningarefni.

STUÐNINGUR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni



Vörusmiðja BioPol hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði þrisvar sinnum á fimm árum. Styrkir úr sjóðnum hafa haft mikla þýðingu fyrir starfsemi Vörusmiðjunnar. Verkefnin hafa verið farsæl og aukið nýtingu á Vörusmiðju BioPol og stuðlað að aukinni þekkingu.

Netverslun Vörusmiðjunnar er eitt verkefni sem fékk styrk og hefur haft mikil áhrif á aðgengi að vörum framleiðenda á Norðurlandi vestra sem er ómetanlegur stuðningur við smáframleiðendur á svæðinu.

Þórhildur María Jónsdóttir, umsjónarmaður Vörusmiðjunnar



STYRKHAFAR

Menningarverkefni

Flestar umsóknir berast árlega í flokk verkefnastyrkja á sviði menningar, sem er til marks um blómlegt og fjölbreytt menningarlíf svæðisins. Úr vöndu er að ráða vegna fjölda umsókna miðað við fjármagnið til umráða. Við yfirferð umsókna er m.a. lagt mat á listrænt og menningarlegt gildi verkefnisins fyrir svæðið, hversu vel verkefnið falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum, gæði umsóknar með tilliti til verkefnalýsingar, rökstuðnings, skýrleika og raunsæis markmiða og fjárhagsáætlunar og hversu líklegt sé að verkefnið muni ná fram að ganga.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Bókmenntir / fræðirit / margmiðlun

Alfreð Guðmundsson

Ljóðabók handa börnum um dýr

400.000 kr.

Alfreð Guðmundsson er hagamæltur grunnskólakennari með 30 ára starfsreynslu sem hyggst gefa út myndskreytta ljóðabók fyrir börn um dýr á árinu. Bókin mun innihalda ljóð um 14 dýr sem lifa á Íslandi eða við landið. Þrjú ljóð eru ort um hverja dýrategund (um karl-, kvendýrið og afkvæmin) og lögð áhersla á bragfræði og málfar. Bókin getur nýst í grunnskólum þar sem hún samþættir nokkrar námsgreinar, íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

Benmen slf.

Allt milli himins og fjarðar

500.000 kr.

Allt milli himins og fjarðar er skagfyrskur spjall- og spurningabáttur í formi hlaðvarps og útvarpsþáttar, þar sem viðfangsefnið er Skagafjörður og allt sem honum við kemur. Fjórir gestir eru fengnir í hvern þátt og þeim skipt í tvö lið. Þátturinn er tekinn upp fyrirfram og kemur út á tveggja vikna fresti á Spotify. Þá er þættinum einnig útvarpað á FM Tröllla 103,7. Þátturinn hóf göngu sína haustið 2021 og stefnt er að því að taka upp 25 þætti árið 2022.

USAH, Ungmennasamband

Húnavökurit 2022

400.000 kr.

Austur-Húnvetninga

Ársritið *Húnavaka* hefur verið gefið út samfelld frá 1961 með það að markmiði að halda úti menningar- og upplýsingariti um Austur-Húnavatnssýslu að fornu og nýju, varðveita söguna og miðla henni til fólks, bæði innan héraðs og utan. Efni ritsins er með svipuðu sniði á hverju ári en þar má finna viðtöl, kveðskap, ferðalýsingar, smásögur, greinar, fréttir frá fyrirtækjum og félagasamtökum, minningargreinar um látna Húnvetninga og myndir bæði af nýfæddum Húnvetningum og feringarbörnum.

USVH, Ungmennasamband

Húni 43. árgangur

350.000 kr.

Vestur-Húnvetninga

Á árinu 2022 mun 43. árgangur *Húna* koma út. Í ritinu er ýmis fróðleikur úr héraði sem safnað er saman yfir árið af fjögurra manna ritnefnd, sem einnig tekur viðtöl og hefur samband bæði við fasta pistlahöfunda sem nýja. Meðal efnis eru viðtöl, frásagnir, greinar, ljóð, fréttapistlar úr Húnaþingi vestra auk minningagreina um látna og ýmiss annars efnis og fróðleiks. Ritinu er dreift til áskrifenda og það selt í lausasölu.

Menningartengd ferðapjónusta

Hlín ehf.**Austurdalurinn****750.000 kr.**

Sumarið 2022 verður haldin hátíð á Steinsstöðum í Skagafirði sem samanstendur af utanvegahlaupi um hinn einstaka Austurdal þar sem sögu Moniku á Merkigili verður gert hátt undir höfði, skagfirskri matseld og tónleikum í Árgarði á Steinsstöðum. Bæði heimamönnum og öðrum býðst að koma á þennan fríðsæla stað, upplifa náttúruna eins og hún gerist hreinust, kynnast sögu og göngu- og hlaupaleiðum í innsveitum Skagafjarðar, slaka á og njóta matar úr héraði og góðrar tónlistar.

**Textílmíðstöð Íslands og
Þekkingarsetur á Blönduósi****Prjónastjarna
á Prjónagleði 2022****700.000 kr.**

Prjónagleðin er einstakur viðburður á landsvísi og er að festa sig í sessi sem helsta prjónahátíð Íslands, ekki síst eftir afar vel heppnaða hátíð 2021. Í ár er ætlunin að fjölga þeim erlendu gestum sem sækja hátíðina með öflugri markaðssetningu á ensku, bjóða upp á kennslu á ensku á Prjónagleðinni – auk hinna fjölmörgu íslensku námskeiða – og fá til landsins þekktu erlenda prjónastjörnu. Í prjónaheimum eru stjórnur sem tugþúsundir prjónara fylgjast með á samfélagsmiðlum og prjóna eftir þeirra hönnun.

Menningararfur / safnamál

**Byggðasafn Húnavetninga og
Strandamanna****Rekaviður, bátar
og búsgögn****500.000 kr.**

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna mun setja upp sýningu á árinu um vægi rekaviðar í sögu lands og þjóðar með áherslu á byggðir í kringum Húnaflóa allt fram á þessa öld. Farleiðum, harðdrægni, búsilagi, verklagi og nýtingu ásamt tengingu við safnkostinn, orðfæri og menningu verða gerð skil með sýnilegum, fjölbreyttum og aðgengilegum hætti. Sýningin hentar öllum aldurshópum og gefur möguleika á þátttöku gesta og sýnikennslu í meðferð og vinnslu trjábola.

**Héraðsskjalasafn
Skagfirðinga****Þverfaglegt samstarf safna, setra
og sýninga á Norðurlandi vestra****500.000 kr.**

Stefnt er að því að koma á fót samstarfsverkefni fyrir öll söfn, setur og sýningar á Norðurlandi vestra til að auka gæði og fagmennsku í safnastarfi á svæðinu. Þetta er upphaf þriggja ára átaksverkefnis til að fá söfn og setur á svæðinu til að auka samvinnu sín á milli m.a. hvað varðar þekkingu og fræðslu, kynningarmál, stefnumörkun og rannsóknir og er unnið eftir tillögum sem komu fram í skýrslunni „Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra“ í júní 2021.

**Textílmíðstöð Íslands og
Þekkingarsetur á Blönduósi****Óslitinn þráður****600.000 kr.**

Verkefnið þjónar fræðslu- og varðveisluhlutverki á handverki og þeirri menningar- og atvinnusögu sem tengist prjónamenningu og þróun hennar. Viðtöl og myndefni verður unnið og framleitt til að setja fram handverkssögu prjóns og prjónafólks á Norðurlandi vestra á YouTube rás. Rætt verður við eldri kynslóð sem man heim sem er horfinn þar sem prjónaskapurinn var hluti af lífsbaráttunni og því að klæða fjölskylduna, en einnig við fulltrúa úr þeim vaxandi hópi sem sér atvinnumöguleika tengda prjóninu.

Myndlist / ljósmyndalist

Auður Ingólfssdóttir Instagram-vænir veggir á Sauðárkróki 350.000 kr.

Hugmyndin er að fá listamenn til að mála þrjú stór listaverk á veggri á áberandi stöðum á Sauðárkróki, með það fyrir augum að fá fólk sem á leið um svæðið til að taka af sér myndir, setja þær á samfélagsmiðla og myllumerkja bænum. Ætlunin er að auka sýnileika bæjarins og ýta undir það að fólk kynni sér hið mikla menningarlíf og uppbyggingu sem er til staðar í bænum, auk þess að gera Sauðárkrók líflegri á að líta og „hipstervæða“ hann aðeins.

Maður og kona ehf. Finnbogi Pétursson í gamla bænum 1.800.000 kr.

Maður og kona stóðu fyrir sýningu Shoplifter í Hrótey í fyrra og stefna áfram að því að auðga menningar- og mannlífið á Norðurlandi vestra með því að bjóða upp á listviðburði á heimsmaelikvarða á Blönduósi, að þessu sinni með sýningu á verkum Finnboga Péturssonar. Ætlunin er einnig að draga athygli ferðalanga að gamla bænum á Blönduósi sem margir hafa ekki hugmynd um þótt húsin og þorpsmyndin séu talin menningarverðmæti „einstök á heimsvísu“.

Tónlist

Félag eldri borgara Húnaþingi vestra Vor- og jólatónleikar 2022 300.000 kr.

Kórinn hefur starfað í um 18 ár og telur nú um 30 manns en heldur hefur fjölgað í hópnum undanfarið. Stefnt er að því að halda áfram úti öflugum söngstarfi meðal eldri borgara í Húnaþingi vestra og miðla afrakstrinum til samfélagsins. Helstu verkefni á árinu eru æfingar og undirbúningur fyrir tvenna tónleika, annars vegar að vorlagi og hins vegar fyrir jól á Hvammstanga 2022, en æfingar með kórstjóra og meðleikara munu standa yfir vikulega frá janúar fram í apríl og síðan frá september fram í desember.

Félag eldri borgara í Skagafirði Kórstarfsemi 300.000 kr.

Sönghópur félags eldri borgara, sem stofnaður var árið 1996, heldur úti öflugum söngstarfi með vikulegum æfingum 9 mánuði ár hvert í félagsheimilinu Ljósheimum, en félagar í kórnum eru um 30 talsins. Markmiðið er að efla menningarstarf landshlutans og einnig og jafnframt að ferdast til annarra landshluta og skemmta þar gestum og gangandi. Taka verður tillit til aðstæðna en kórinn vonast til að geta haldið á bilinu 6-8 tónleika á þessu ári.

Heimilisiðnaðarsafnið Stofutónleikar 150.000 kr. Blönduósi Heimilisiðnaðarsafnsins

Mörg undanfarin ár hefur Heimilisiðnaðarsafnið staðið fyrir stofutónleikum í safninu einu sinni á ári. Tónleikarnir hafa verið einkar ólíkir á milli ára og má þar nefna dægurtónlist, sínfóniutónlist, þjóðlagatónlist, óperutónlist og píanótónlist. Á árinu 2022 er horft til þess að halda kammertónleika. Markmiðið er sem fyrr að stuðla að fjölbreytni í menningarlífi héraðsins, efla nýsköpun og frumkvæði og að hafa mótandi áhrif á menningarlíf, ekki síst á Norðurlandi vestra.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Jóhann Daði Gíslason

Jólin heima

500.000 kr.

Jólatónleikarnir Jólin heima eru skagfirskir jólatónleikar sem hafa það að markmiði að færa jólaandann til fólksins í samfélaginu. Á tónleikunum kemur fram tónlistarfólk alls staðar að úr Skagafirði, ungu og efnilegu tónlistarfólki er gefið tækifæri til að koma fram og syngja fyrir fullum sal ásamt þeim sem reynslumeiri eru. Á tónleikunum eru bæði spiluð frumsamin jólalög og þau sem allir kunna og geta sungið með. Þetta verður þriðja árið í röð sem tónleikarnir eru haldnir.

Jón Aðalsteinn
SæbjörnssonTónleikaröð 2022 í
Blönduóskirkju

400.000 kr.

Á árinu 2022 verður haldin tónleikaröð í Blönduóskirkju, stefnan er að standa fyrir a.m.k. fernum tónleikum með tónlistarmönnum víðs vegar af landinu. Verkefnið er liður í áframhaldandi átaki sóknarnefndar kirkjunnar með það að markmiði að koma Blönduóskirkju á framfæri sem ákjósanlegum tónleikastað í Austur-Húnavatnssýslu og efla tónlistarlífið á svæðinu, en átakið skilaði sér í því að fernir tónleikar voru haldnir í kirkjunni á síðasta ári.

Karlakórinn Heimir

Tónleikahald 2022

350.000 kr.

Karlakórinn Heimir var stofnaður í lok desember árið 1927 og hefur megnið af starfstíma sínum verið einn af hornsteinunum í menningarlífi Skagafjarðar. Á árinu liggja fyrir æfingar og undirbúningur fyrir skipulagða tónleika kórsins sem félagar hlakka til að flytja að vori á 2-3 stöðum á Norðurlandi vestra, eftir að aðstæður vegna farsóttar hafa haft neikvæð áhrif á starfsemi kórsins undanfarin misseri. Leiðarljós kórsins er að tónlistarflutningur sé ávallt bæði vandaður og með mikið afþreyingargildi.

Karlakórinn Lóuprælar

Vor- og jólatónleikar 2022

350.000 kr.

Karlakórinn hefur starfað óslitið frá árinu 1985 og komið að ýmsum verkefnum. Á árinu er stefnt að söngskemmtun að vori í Félagsheimilinu á Hvammstanga og víðar auk hinna hefðbundnu jólatónleika kórsins, en undanfarin 13 ár hefur kórinn haldið jólatónleika þar sem ekki er selt inn. Markmiðið er að efla starf kórsins og styrkja framtíð hans, viðhalda íslenskri karlakóramenningu og um leið fjölbreytni í menningarlífi á Norðurlandi vestra og víðar.

Kvennakórinn Söldís
Skagafirði

Á faraldsfæti

400.000 kr.

Kórinn mun æfa upp dagskrá frá ýmsum löndum og halda sína árlegu tónleika þann 20. febrúar 2022 í Menningarhúsinu Miðgarði, á konudaginn sjálfan. Í framhaldinu verða haldnir tónleikar í Húnavatnssýslum og í Skagafirði. Markmiðið með starfseminni er að stuðla að góðri og faglegri kórmenningu í Skagafirði og nærsveitum og vera snar þáttur í menningarhefð á Norðurlandi vestra. Konur eru þjálfaðar í að syngja saman sem og í röddum og nýjar konur reglulega teknar inn í kórinn.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Rúllandi steinn ehf.

Veltandi steinn

350.000 kr.

Þjóðlaga- og poppmenningarhátíð verður haldin á Skagatrönd í ágúst í tilefni af því að á árinu 2021 voru 80 ár liðin frá fæðingu Nóbelsverðlaunahafans Bob Dylan. Hátíðin stendur yfir í sólarhring, það verða flutt lög eftir Dylan og lesin upp ljóð eftir hann. Nokkrar hljómsveitir verða valdar til þátttöku, leitast við að hafa ókeypis inn á viðburði og ágóði af sölu veitinga verður í höndum þjónustuaðila á Skagatrönd. Fyrirhugað var að halda hátíðina 2021 en vegna Covid-19 var hátíðinni frestað um ár.

Skagfirski kammerkórinn

Varpaðu frá þér vetrarkvíða...

350.000 kr.

Kammerkórinn verður að vanda með þrjá fasta dagskrárpósta: söngskemmtanir að vori, á degi íslenskrar tungu og fyrir jól. Kórinn leggur áherslu á að syngja tónlist án undirleiks, oft tónverk sem teljast til óhefðbundnari kórtónlistar, bæði eldri og yngri tónsmíðar. Starfsemin snýst fyrst og fremst um að gefa fólki kost á að taka þátt í gefandi og krefjandi kórstarfi auk þess sem íbúar svæðisins fá tækifæri til að hlýða á og kynnst fjölbreyttri og skemmtilegri tónlist.

Skíðadeild UMF Tindastóls

Tinda-stuð

900.000 kr.

Tinda-stuð verður haldið í annað sinn í mars 2022. Boðið verður upp á kvöldskíðun á meðan þekktir tónlistarmenn halda uppi stemmningunni í miðri brekkunni. Viðburðurinn er einstakur að því leyti að tónleikarnir eru haldnir í fjalli og hægt að skíða meðan á þeim stendur. Mikil áhersla er lögð á góða markaðssetningu, en með *Tinda-stuði* er unnið að kynningu á skíðasvæði Tindastóls, Skagafirði og Norðurlandi vestra sem spennandi vetraráfangastað og stuðlað að framgangi skíðaíþróttarinnar.

Ungmennafélagið Grettir

Popp- og rokkkór
í Húnaþingi vestra

400.000 kr.

Þjálfaður verður upp kór sem gæti meðal annars unnið í samstarfi með Leikflokki Húnaþings vestra. Kórinn er opinn öllum og býður upp á kærkomið tækifæri til að koma saman og æfa popp- og rokkög sem mögulega gefst ekki færi á í öðrum kórum á svæðinu. Lagt er upp með að æfa ákveðinn lagalista með lögum útsettum fyrir kórinn, til flutnings á tónleikum. Með markvissum æfingum er grunnurinn lagður að metnaðarfullu menningarstarfi.

Listhönnun

Heimilisiðnaðarsafnið
BlönduósiSumarsýning Heimilis-
iðnaðarsafnsins - sérsýning

200.000 kr.

Á ári hverju er sýningarflóra safnsins auðguð með nýrri sérsýningu íslensks textillistafólks. Umfjöllun um safnið örvar heimsóknir í það og veitir safngestum fjölbreytta sýn á handið og hvernig safnkosturinn nýtist sem uppspretta að nýrri listsköpun. Að þessu sinni verða sýnd veflistaverk Ragnheiðar Þórsdóttur, veflistakonu, kennara og verkefnisstjóra hjá Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi, en hún hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Sýningin mun standa til 2023.

Blönduð menningardagskrá

Blönduósbær

Húnavaka

400.000 kr.

Húnavaka er menningar- og fjölskylduskemmtun sem haldin er árlega þriðju helgina í júlí á Blönduósi, frá fimmtudegi til sunnudags. Hún á sér langa sögu sem menningarviðburður í héraði, með viðburðum þar sem bæjarbúar og aðrir gestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Helsta áherslan er á tónlist og barna- og fjölskylduskemmtun. Íslendingar ferðast mikið innanlands yfir sumarmánuðina og er tilgangur *Húnavöku* einnig að fá fjölskyldufólk til að stoppa og njóta þess sem héraðið hefur upp á að bjóða.

Blönduósbær

Blönduós byggist

200.000 kr.

- saga gömlu Blöndubrúarinnar

Árið 2022 eru 125 ár liðin frá því að gamla Blöndubrúin var vígð. Hún er aftur orðin samgöngubót á Blöndu og í tilefni af því á að halda á lofti sögu og menningararfi Húnavetninga með því að halda upp á tímamótin laugardaginn 26. ágúst 2022, í anda þess þegar hún var upphaflega tekin í notkun árið 1897. Mikið er til af myndum af brúnni og verður efnt til myndasýningar um sögu brúarinnar, flutt verða tónlistaratríði og listamenn koma fram.

Byggjum upp

Bæjarhátíðin

400.000 kr.

Hofsós og nágrenni

Hofsós heim 2022

Bæjarhátíðin Hofsós heim hefur verið haldin þrisvar, árin 2018, 2019 og 2021 og farið vaxandi, en markmiðið er að búa til áþreifanleg og óáþreifanleg verðmæti. Á hátíðinni er lögð áhersla á fjölbreytta menningarviðburði fyrir alla aldurshópa, en náttúran, saga þorpssins og menningin hafa verið leiðarstefið í úrvali dagskrárlíða. Hátíðin hefur vaxið á milli ára og er helgin sem hátíðin er haldin sú annasamasta í ferðaþjónustu og veitingageira á ársgrundvelli á Hofsósi.

Fluga hf.

Sveitasæla 2022

350.000 kr.

Sveitasæla er landbúnaðarsýning, menningar- og bændahátíð með það að markmiði að viðhalda sterkri landbúnaðarmenningu í Skagafirði sem á sér aldalanga sögu. Stefnt er að því að halda Sveitasælu í Reidhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók í ágúst 2022. Dagskráin verður fjölbreytt og margþætt þar sem skagfirskar landbúnaðargreinar fá að njóta sín. Þar verður húsdýragarður, landbúnaðarvélasýning, skemmtidagskrá og fyrirtækja- og handverks básar, með áherslu á „Beint frá býli“.

Hóladómkirkja

Orgelkrakkar

400.000 kr.

Orgelkrakkahátíðin er tónlistarveisla fyrir börn á öllum aldri. Þátttakendur taka virkan þátt og fá að njóta undraheima orgelsins með hlustun, sköpun, smíði og fræðslu með það að markmiði að víkka sjónvildarhorninginn á tónlistarsviðinu. Hátíðin samanstendur af orgeltónlistarviðburði í Hóladómkirkju og Blönduóskirkju, auk þess sem boðið verður upp á Orgelkrakka – verkfræði- og tónlistarstund á Hólum og í öllum þéttbýlisstöðum á Norðurlandi vestra, þar sem þátttakendur setja saman orgel og leika á það.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**Hólmfríður Dóra
Sigurðardóttir****Borgarvirki,
sagan af sláturkeppnum****200.000 kr.**

Í sumar verður myndlistarsýning í Listakoti Dóru í Vatnsdalshólum, þriðja árið í röð. Sem fyrr er um samsýningu ýmissa listamanna að ræða í kringum eitt þema, sem að þessu sinni er Borgarvirki og sagan um sláturkeppinn – saga þar sem umsátur leystist án blóðsúthellinga. Í fyrra var unnið með frásögn úr Vatnsdælu af fæðingu fyrsta Húnvetningsins og árið þar áður þjóðsöguna um Stúlkuna og hrafnninn. Sýningin er opin öllum og skólum á svæðinu verður boðið á hana auk þess að fá fræðslu um Borgarvirki.

Íbúa- og áttthagafélag Fljóta**Félagsleikar Fljótamanna****250.000 kr.**

Félagsleikar Fljótamanna er samveru- og menningarhátíð Fljótamanna, hollvina og gesta, með það að markmiði að rifja upp sögu og félagsstarf í Fljótum og hafa gaman saman. Efnt verður til ýmissa viðburða s.s. dögurðarfundar, Íslandsmóts í félagsvist, víðavangshlaups, gönguferða og síðast en ekki síst tónlistarviðburða. Allur ágóði rennur í góð málefni í Fljótum. Sannkölluð hæglætishátíð um verslunarmannahelgi. Hátíðin var haldin árið 2019 en féll niður vegna heimsfaraldurs síðustu tvö ár.

Menningarfélag Gránu**Vetrarkvöld í Gránu****600.000 kr.**

Viðburðaröðin Vetrarkvöld í Gránu hefur það að markmiði að skapa vettvang fyrir listafólk sem býr og starfar á svæðinu, styðja það við að koma sköpun sinni á framfæri og auka þannig fjölbreytni í tónlistarlífi á Norðurlandi vestra. Listafólki, sem jafnvel er að taka fyrstu skref ferilsins, er boðið upp á metnaðarfulla umgjörð, skipulag og viðburðahald sem byggir á fagmennsku, þekkingu og reynslu.

Slysavarnadeildin Skagaströnd**Hetjur hafsins****500.000 kr.**

Sjómannadeginum hefur verið fagnað á Skagaströnd frá 1938 og dagskrá borin uppi af áhugasömu fólki í sjálfbodaðliðastarfi á vegum Björgunarsveitarinnar, með það að markmiði að heiðra sjómenn fyrir þeirra fórnfúsu störf. Hátíðahöldin hafa eflst og er Hetjur hafsins nú sú bæjarhátíð sem best hefur fest sig í sessi á Skagaströnd. Meðal dagskrárliða eru tónleikar, myndlistarsýning heimamanna, sögusigling um Húnaflóa, sjómannadagsmessa og sjómanna-leikir, en allir aldurshópar geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fræðsla / námskeið

**Byggðasafn
Skagfirðinga****Varðveisla handverkspekkingar
- torfhleðslunámskeið****200.000 kr.**

Fornverkaskólinn, sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, tréiðnaðardeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, hefur boðið upp á námskeið í gömlu byggingarhandverki frá 2007. Markmið Fornverkaskólans er að bjóða upp á námskeið í gömlu byggingarhandverki og í vor verður boðið upp á tvenn námskeið í torfhleðslu- og grindarsmíði á Tyrfingsstöðum í Skagafirði.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Nes listamiðstöð ehf. Artists in Schools Program 2022**450.000 kr.**

Nes listamiðstöð hefur tekið þátt í og deilt út mismunandi listaverkefnum í samstarfi við skóla frá árinu 2013 og stefnir að 6–8 listamannaheimsóknum á árinu, að lágmarki. Undanfarin ár hafa nemendum gefist tækifæri til að öðlast reynslu í framkomu, ljósmyndun, kvikmyndagerð, hreyfist, tónlist, handverki, skapandi skrifum og dansi. Hin reglubundnu samskipti við alþjóðlega listamenn hafa mælst einstaklega vel fyrir hjá skólunum og skapað jákvæðan og breiðari skilning á listum og fjölbreytileika.

Leiklist og aðrar sviðslistir**Frásaga, félagasamtök****Frumskógarfólkið****350.000 kr.**

Á árinu verður frumsýnt nýtt leikverk með þekktum dægurlögum í bland. Það fjallar um ævintýrlegt lífni fólks og annarra kynjavera í frumskógi í ímynduðum heimi höfunda. Þátttakendur eru á ýmsum aldri, leikarar, söngvarar og annað tónlistarfólk úr Skagafirði og Eyjafirði. Verkefninu er ætlað að auka samstarf fólks, með ólíkan bakgrunn, þekkingu og reynslu og efla tækifæri ungra sem aldinna á sviði lista og menningar í Skagafirði og nágrenni.

Guðbjörg Eva**Endurlífgun****400.000 kr.****Guðbjartsdóttir****Leikfélags Blönduóss**

Stefnt er að því að endurvekja Leikfélag Blönduóss sem var virkt áratugum saman en hefur verið í dvala síðastliðin sex ár. Á vormánuðum á að setja upp skemmtifarsa sem kitlar hláturtaugarnar. Einnig er á dagskrá að bjóða upp á spunanámskeið en sýningar á farsanum eru ráðgerðar í mars og apríl. Vonir standa til þess að endurlífgun heppnist vel, með þeim farsælu áhrifum sem það mun hafa á menningarlíf landshlutans og fjölbreytt félagslíf íbúa.

Handbendi**Hvammstangi International****2.000.000 kr.****Brúðuleikhús ehf.****Puppetry Festival 2022**

Á alþjóðlegu brúðulistahátíðinni á Hvammstanga er fjölbreytt framboð sýninga, námskeiða og fyrirlestra fyrir fólk á öllum aldri, og er það á höndum íslenskra sem erlendra brúðulistamanna. Handbendi stendur nú fyrir hátíðinni þriðja árið í röð og er í góðri samvinnu við fyrirtæki, skóla og ferðapjónustuaðila í héraði. Handbendi hlaut Eyrarrósina árið 2021 fyrir framúrskarandi menningarverkefni sem hefur fest sig í sessi utan höfuðborgarinnar. Hátíðin verður haldin 7.–9. október 2022.

Leikfélag Sauðárkróks**Fúsi froskagleypir****400.000 kr.**

Barnaleikritið *Fúsi froskagleypir* verður sett upp á haustdögum 2022. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um setja upp barnaleikrit þar sem fjölskyldan fær tækifæri til að upplifa saman skemmtilegan menningarviðburð í heimahéraði og gefa fólki kost á að taka þátt í verkefninu sem þátttakandi. Alls 35 manns koma að uppsetningunni og vinna að verkinu í sex vikur, við æfingar á leik og söng, vinnu í leikmynd, leikmunum, búningum, sminki, lýsingu, hljóðum, auglýsingum og miðasölu.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

Leikfélag Sauðárkróks

Nei ráðherra

400.000 kr.

Í áratugi hefur Leikfélag Sauðárkróks tekið virkan þátt í menningarlífi Skagfirðinga og sett upp leikrit og sýnt í Sæluviku Skagfirðinga ár hvert. Nú í apríl er stefnt að uppsetningu farsans *Nei ráðherra* og markmiðið að heimamenn og gestir fái að upplifa vel uppsettan og metnaðarfullan menningarviðburð í heimabyggð, hvort sem er sem þátttakendur eða áhorfendur. Leikstjóri er ráðinn að vanda til að koma verkinu á svið á átta vikum og að æfingatímabilinu loknu tekur við sýningatímabil í tvær til þrjár vikur.

Leikflokkur

Himinn og jörð

250.000 kr.

Húnaþings vestra

- söngleikur 2022

Stefnan er að leiða saman frábæran og hæfileikaríkan hóp Húnavetninga sem í sameiningu munu setja upp söngleikinn *Himinn og jörð* byggðan á handriti eftir Ársæl Guðmundsson og með lögum Gunnars Þórðarsonar. Ráðinn verður danshöfundur til að útsetja dansa við lögin fyrir hópinn. Leikflokkurinn vill efla þátttöku íbúa í Húnaþingi vestra við sviðslistir og tilfallandi störf vegna þeirra og bjóða áhorfendum upp á frumsaminn söngleik með fyndnum og dramatískum söguþræði, söng, dans og leik.

Málþing / ráðstefnur

Sýndarveruleiki ehf.

Konur á Sturlungaöld

200.000 kr.

Ráðstefnan *Konur á Sturlungaöld* er viðburður sem unninn er í samstarfi Menningarfélags Gránu og sýningarinnar *1238 – Baráttan um Ísland*, sem staðsett er á Sauðárkróki og fjallar um átakamestu atburði Íslandssögunnar, Sturlungaöldina. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir fólk sem hefur áhuga á miðlun menningararfsins og varpa ljósi á hlut kvenna í sögulegum stóratburðum. Framlag kvenna til varðveislu þessa menningararfs fyrir tíma ritmáls verður seint metið til fulls.

STUÐNINGUR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI

Menningarverkefni



Handbendi Brúðuleikhús has benefited from grants from SSNV since 2016, when the company was established in Húnaþing vestra. SSNV has supported the company through each stage of development – sometimes through project grants and at others through core-funding – and been a part of our journey to becoming not only an

international award winning puppetry company, but a professional arts hub, studio, the largest art festival in the region, community outreach programme including youth programmes, and animation studio. Our next stage of development will emphasise digital arts, youth work, and studio work.

Handbendi received the prestigious Eyrarrósinn award in 2021 in recognition of our work in the country, and will hold the award until 2023.

Greta Clough, stofnandi og listrænn stjórnandi Handbendis



STYRKHAFAR

Stofn og rekstrarstyrkir

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til safna, setra og listamiðstöðva á sviði menningarmála, séu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki leiðandi aðilar í rekstrinum. Meðal skilyrða sem söfn og setur þurfa að uppfylla til að þau komi til greina við úthlutun er að þau séu rekin með þeim hætti að opið sé fyrir ferðamenn a.m.k. júní, júlí og ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, sex daga vikunnar. Listamiðstöðvar skulu taka á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmri dvalar árið um kring. Styrkur er ákvarðaður út frá þeirri upphæð sem óskað var eftir og með það í huga hvert listrænt og menningarlegt gildi viðkomandi reksturs er fyrir svæðið.

STYRKÞEGI

UPPHÆÐ

Búminjasafnið Lindabæ

600.000 kr.

Búminjasafnið Lindabæ, áhugamannafélag, hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs, sýningahalds og kynningar á Búminjasafninu, sem lætur gera upp sjaldgæfar, gamlar dráttarvélar og tæki sem tengjast þeim (t.d. sláttuvélar og skúffur), sem og aðra gamla búmuni. Safnið hefur til sýnis vélar, tæki og tól sem gjörbreyttu heyskaparaðferðum og vinnulagi bænda (t.d. mjaltavélar) á sl. öld. Þannig viðheldur safnið þekkingu á kaflaskilum í sögu landbúnaðar á Íslandi.

Digital horse ehf. - Lundinn og vinir hans

650.000 kr.

Digital Horse hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að markaðssetja frekar og kynna sýninguna Puffin and friends, gera hana aðgengilegri fyrir ferðamenn, lengja opnunartíma og uppfæra sýningarbúnað félagsins, í von um að fjölga aftur gestum sem síðan muni skila sér í auknum tekjum til þess að geta frekar treyst rekstur félagsins og styrkt grundvöll fyrir áframhaldandi starfsemi og fjölgun stöðugilda, bæði innan félagsins og í afleiddum störfum.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

900.000 kr.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að efla faglega starfsemi safnsins og treysta rekstur þess. Heimilisiðnaðarsafnið er eitt þriggja viðurkenndra safna á Norðurlandi vestra og sérstaða þess mikil á landsvísu. Sem menningarstofnun sem gegnir margþættu hlutverki, við sýningahald, rannsóknir, fræðslu og miðlun menningar, mun safnið áfram leggja áherslu á öll þessi atriði, en einnig verður farið í nauðsynlegar framkvæmdir vegna viðhalds.

Kakalaskáli ehf. - Sögu- og listasýningar - heildarupplifun

2.000.000 kr.

Kakalaskáli hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs Kakalaskála þar sem sögu Sturlungaaldar er miðlað í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleidsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Sýningin er unnin af 14 listamönnum frá 10 þjóðlöndum. Á staðnum er einnig útilistaverk Sigurðar Hansen: Sviðsetning Haugsnesbardaga 1246. Kakalaskála er ætlað að vera góð viðbót við menningarflóruna í Skagafirði, sem jafnframt styður við aðra áfangastaði í nágrenninu.

Menningarfélagið Spákonuurfur**2.100.000 kr.**

Menningarfélagið Spákonuurfur hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til reksturs Spákonuhofsins á Skagaströnd þar sem boðið er upp á sýningu og söguleidsögn um Þórdísi spákonu, spár og spádóma. Markmið fyrir árið 2022 eru m.a. að halda áfram sýningarhaldi, viðhalda sagnaarfinum, starfrækja upplifunar- og þátttökuferðamennsku og taka þátt í uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu, en einnig að efla aðra menningarstarfsemi sem Menningarfélagið Spákonuurfur stendur fyrir.

Nes listamiðstöð ehf.**1.000.000 kr.**

Nes listamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að geta í ljósi stöðu sinnar sem ein stærsta og vinsælasta listamiðstöð landsins áfram boðið listamönnum hvaðanæva að upp á vandaða dvöl nærsamféluginu til heilla. Mikilvægustu verkefni ársins verða að tryggja að reksturinn nái jafnvægi á árinu eftir tekjulækkun í kjölfar Covid með það fyrir augum að byggja upp efnahagslega sjálfbært rekstrarmódel næstu árin, án þess að grípa þurfi til mikilla hækkana á dvalargjöldum.

Ós Textíllistamiðstöð**1.200.000 kr.**

Ós Textíllistamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styrkja stöðir sínar með markvissri kynningu á þeim nýju möguleikum sem eru í boði bæði hvað varðar gistingu og vinnuadstöðu. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna fyrir hópum og nemendum, erlendum og íslenskum, sem eru að vinna að lokaverkefnum að nú geti skóla- og/eða samstarfsfélagar leigt saman hús og að fjölbreyttir möguleikar við rannsóknir og hönnun textíls séu í boði, allt frá hefðbundnu handverki til stafrænnar tækni.

Selasetur Íslands ehf.**2.100.000 kr.**

Selasetur Íslands hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við sérstöðu sína sem safn, upplýsingamiðstöð, ferðaskrifstofa og rannsóknarsetur á Hvammstanga. Markmið safnsins og áherslur á árinu verða m.a. að auka og bæta fræðslu og þjónustu til almennings/ferðamanna, að efla markaðssetningu og samstarf við aðra þjónustuaðila á Norðurlandi sem og á landsvísu, auk fleiri áhersluatriða.

Stóragerði ehf. - Samgöngusafnið**2.200.000 kr.**

Stóragerði hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að efla og styrkja rekstur Samgöngusafnsins í Stóragerði sem ferðamannastaðar í Skagafirði og í leiðinni styrkja ímynd Norðurlands vestra sem áfangastaðar sem áhugavert sé að ferðast um og skoða. Meðal þess sem áhersla verður lögð á þetta árið er bætt þjónusta við gesti, aukin markaðssetning, uppgerðir, viðhald og fjárfesting í nýjum sýningargripum auk ýmissa annarra verkefna.

STYRKÞEGI**UPPHÆÐ****Sýndarveruleiki ehf. - 1238 Baráttan um Ísland****2.100.000 kr.**

Sýndarveruleiki hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að treysta starfsemi sýningarinnar 1238 – Baráttan um Ísland þar sem gestum gefst kostur á að upplifa söguna á nýstárlegan hátt og stíga inn í söguvið Örlygsstaðabardaga með gagnvirkum upplifunarpáttum sem veita spennandi innsýn og fræðslu um Sturlungaöldina, í bland við hefðbundna sýningarnálgun. Í húsnæði sýningarinnar rekur sveitarfélagið Skagafjörður upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk og þar er einnig minjagripaverslun og Grána Bistró.

Sögusetur íslenska hestsins**1.500.000 kr.**

Sögusetur íslenska hestsins hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi uppbyggingar setursins í framhaldi af langvarandi áhrifum C-19. Meðal áherslna á árinu verður samstarf við aðila í menningartengdri ferðaþjónustu, styrkingar á grunnsýningum, aukning á rafrænni miðlun og hagnýting nýjunga í sýningahaldi. Fræðastarf verður áfram mikilvægur hluti starfseminnar; samantekt fræðirits um íslenska hestinn, fræðilegt samstarf og ráðgjöf.

Verslunarminjasafn á Hvammstanga**650.000 kr.**

Verslunarminjasafnið á Hvammstanga hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við rekstur og uppbyggingu safnsins, sem varðveitir og sýnir sögu og gamla muni sem tengjast verslunarháttum í Húnaþingi vestra. Aðgangur á safnið er án endurgjalds og rekstur safnsins ekki í hagnaðarskyni. Það var stofnað árið 1996 og hefur ætíð haft hluta tekna sinna af umboðssölu á handverki frá handverks- og listafólki í héraði.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA